

L Ö G

85

15. des.

um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fé því, sem veitt verður í fjárlögum fyrir árið 1949 til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests á síldveiðunum sumarið 1948, skal ráðstafa samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Ríkissjóður getur leyst til sín lögveðskröfur og sjóveðskröfur á hendur þeim útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948.

Enn fremur er heimilt að veita útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum lán samkvæmt lögum þessum, sem svara til krafna þeirra, er í 1. málsg. eru talðar, ef aðilar hafa þegar greitt þær og þeim ella væri ókleift að halda áfram rekstri vegna aflabrests á síldarvertíðinni sumarið 1948. Hafa þau lán sama forgangsrétt fyrir öðrum skuldum sem þær lögveðskröfur og sjóðveðskröfur, er inn kunna að verða leystar samkv. 1. mgr. þessarar greinar.

Aðstoð ríkissjóðs samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar greinar er því skilyrði bundin, að tryggt sé, að þessir aðilar geti haldið útgerð áfram næstu vetrarvertíð.

3. gr.

Lögveðsréttur og sjóveðsréttur á kröfum þeim, sem ríkissjóður innleysir samkvæmt 2. gr., helzt í fullu gildi í eitt ár frá innlausnardegi að telja, nema fyrningarfrestur sé lengri samkvæmt öðrum lögum. Lögveðskröfur og sjóðveðskröfur, sem kunna að myndast eftir gildistöku þessara laga, hafa þó ávallt forgangsrétt fyrir hinum innleystu kröfum samkv. 2. gr.

4. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1948 og aðstoð fá samkvæmt 2. gr., skulu hafa greiðslufrest til 1. júlí 1949 á öllum skuldum og vöxtum af þeim, sem stofnað hefur verið til vegna útgerðarinnar.

Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja.

Tímabilið frá gildistöku laga þessara til 1. júlí 1949 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, vixilréttar né neinna réttargerða.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar fimm manna nefnd til að hafa á hendi innlausn lögveðskrafna og sjóveðskrafna samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og lánveitingar samkvæmt 2. mgr. 2. gr. svo og aðra framkvæmd laga þessara. Lánþega er skylt að gefa nefndinni allar þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegar. Með allar skýrslur varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

6. gr.

Skilanefnd skal sannprófa eins og unnt er, hvort skjöl þau séu rétt, sem hún fær frá útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Láns tími má þó ekki vera yfir 10 ár. Ársvextir skulu vera 5%.

85

15. des.

7. gr.

Ekkert lán má afgreiða né innleysa sjóveð fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

8. gr.

Ef lántakandi selur skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið að tryggingu fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

9. gr.

Þeir, sem fá lán samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

10. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um alla framkvæmd laga þessara, ef þurfa þykir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 15. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

86

17. des.

L Ö G

um eyðingu svartbaks.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1951.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Gjört í Reykjavík, 17. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Þjarni Benediktsson.